

Frumvarp til laga um afnám sóknargjalda o.fl.

-DRÖG-

I. KAFLI

Breyting á lögum, nr. 91/1987, um sóknargjöld o.fl.

1. gr.

Allar greinar laganna skulu falla brott og í stað þeirra skal koma eftirfarandi grein, er verður 1. gr., og verður svohljóðandi: Sóknargjöld skulu eigi vera innheimt eða úthlutuð með lagaboði.

II. KAFLI

Breyting á lögum, nr. 138/1993, um kirkjumálasjóð.

2. gr.

Lög nr. 138/1993, um kirkjumálasjóð, falla brott.

Það fé sem stendur eftir af Kristnisjóði, að frádregnum skuldum hans, skal ráðstafa til þjóðkirkjunnar.

III. KAFLI

Breyting á lögum, nr. 54/1962, um þjóðskrá og almannaskráningu.

3. gr.

Liðurinn „og sóknargjöld samkvæmt lögum um sóknargjöld o.fl., nr. 91/1987, með síðari breytingum“ í 17. gr. laganna falla brott.

IV. KAFLI

Breytingar á lögum, nr. 78/1997, um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar.

4. gr.

Orðin „og skráning í þjóðskrá“ í 3. mgr. 1. gr. laganna falla brott.

2. og 3. mgr. 60. gr. laganna falla á brott.

Við 20. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi: Kirkjuþing skal fjármagnað af þjóðkirkjunni.

Við 24. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi: Kirkjuráð skal fjármagnað af þjóðkirkjunni.

Við 27. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi: Prestastefna skal fjármögnuð af þjóðkirkjunni.

V. KAFLI

Breytingar á lögum, nr. 108/1999, um skráð trúfélög.

5. gr.

Orðin „og eiga til sóknar að gjalda hér á landi samkvæmt lögum um sóknargjöld“ í 2. mgr. 3. gr. laganna skulu falla brott.

3. másl. 1. mgr. 7. gr. og 4. mgr. 9. gr. laganna falla brott.

VI. KAFLI

Breytingar á lögum, nr. 35/1970, um Kristnisjóð.

6. gr.

II. kafli laganna, **Um kristnisjóð**, fellur brott. Það fé sem eftir stendur af Kristnisjóði, að frádregnum skuldum hans, skal ráðstafa til þjóðkirkjunnar.

Heiti laganna skal vera: Kirkjulóðir og aðsetur presta

Gildistaka.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar árið eftir að lög þessi eru samþykkt.

Ákvæði til bráðabirgða.

Skrám Hagstofu Íslands, Þjóðskrár Íslands og annarra ríkisstofnana um trúfélagsskráningu einstaklinga skal eytt innan 6 mánaða frá því að lög þessi öðlast gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta hefur þann tilgang að afnema innheimtu svokallaðra sóknargjalda auk þess að afnema sjóði sem þjóðkirkjan ein hefur aðgang að. Sóknargjöld eru úthlutun ákveðinnar upphæðar fyrir einstaklinga 16 ára og eldri eftir því í hvaða trúfélag þeir eru skráðir í. Ef einstaklingur er skráður utan trúfélaga eða í óskráðu trúfélagi er upphæðinni ekki úhlutað fyrir hönd þess einstaklings. Er því um að ræða lækkun á tekjuskattsframlagi einstaklinga sem samsvarar sóknargjaldinu og er því um mismunun að ræða gagnvart þeim sem ekki eru í skráðu trúfélagi. Slíkur afsláttur er því brot á 65. grein stjórnarskrárinnar sem þessu frumvarpi er ætlað að bæta úr.

Á hverju ári er stórum fjárhæðum úthlutað úr ríkissjóði í trúfélög og samkvæmt fjárlögum 2011 er úthlutunin eftirfarandi:

Þjóðkirkjan	1.276,3 m.kr.
Kirkjumálasjóður	233,3 m.kr.
Kristnisjóður	76,3 m.kr.
Kirkjugarðar	844,7 m.kr.
Sóknargjöld	1.859,0 m.kr.
Jöfnunarsjóður sókna	302,0 m.kr.
Samtals	4.591,6 m.kr.

Ljóst er að frumvarp þetta mun leiða til stórrar útgjaldalækkunar fyrir ríkissjóð um leið og broti á stjórnarskrá er hætt. Er lagt til í þessu frumvarpi að allir þessir fjárliðir verði hætt nema bein framlög til þjóðkirkjunnar og kirkjugarða. Gæti sparnaðurinn því numið um 2,5 milljörðum á ári af hálfu ríkisins. Augljóst er að tilgangur Kirkjumálasjóðs, Kristnisjóðs og Jöfnunarsjóðs sókna er að styrkja þjóðkirkjuna umfram önnur trúfélög en það brýtur í bága við jafnaðarreglu stjórnarskrárinnar. Þó frumvarpið innihaldi ekki öll þau atriði sem þjóðkirkjan nýtur umfram annarra trúfélaga er hér verið að ráðast á þau atriði sem orsaka mestu fjárútlátin úr ríkissjóði.

Í 2. mgr. 64. gr. stjórnarskrárinnar er skráður réttur fólks til að standa utan trúfélaga og að auki sá réttur að greiða engin persónuleg gjöld til trúfélags sem viðkomandi er ekki aðili að. Þrátt fyrir það ákvæði nýtur þjóðkirkjan aukinna forréttinda umfram önnur trúfélög, forréttindi sem fjármögnuð eru af ríkissjóði utan sóknargjalda. Kirkjumálasjóður er dæmi um slík forréttindi og er veitt fé í hann með álagi á sóknargjöld þeirra sem skráðir eru í þjóðkirkjuna. Við þetta væri varla hægt að athuga ef úthlutun til þessarra sjóða væru í formi nefskatta en svo er ekki. Rétt þykir að þjóðkirkjan greiði fyrir störf sín úr eigin hendi.

Vegna mögulegrar umræðu um samræmi við ákvæði stjórnarskrárinnar ber að nefna að flytjendur telja frumvarpið ekki brjóta í bága við hana verði það að lögum. Stjórnarskráin getur ekki á um skyldu ríkisins á að úthluta sóknargjöldum. 2. mgr. 64. gr. stjórnarskrárinnar minnst á að einstaklingar skuli ekki vera skyldugur til að greiða persónuleg gjöld til trúfélags sem þeir eiga ekki aðild að og 3. mgr., sem má breyta með lögum, minnst á greiðslu sóknargjalda af hálfu þeirra sem eru utan trúfélaga.

62. gr. stjórnarskrárinnar minnst á skyldu ríkisins til að styðja og vernda þjóðkirkjuna að því leiti sem hún er þjóðkirkja. Er þessi grein í ósamræmi við jafnaðarreglu stjórnarskrárinnar sem getur um að allir skulu jafnir fyrir lögum. Þó ríkisvaldið sé skyldugt til að styðja og vernda þjóðkirkjuna er ósamngjarnt að ætlast til þess að slíkur stuðningur skuli vera ótakmarkaður. Nú þegar eru í gildi lög sem kveða á um skyldu ríkisins til að greiða mikinn hluta launakostnaðar þjóðkirkjunnar og ætti það að teljast nægjanlegt til að uppfylla ákvæði 62. gr. Þurfa slíkar breytingar á högum þjóðkirkjunnar, því miður, að bíða betri tíma.

Verði þetta frumvarp að lögum er augljóst að trúfélög á landinu fái ekki lengur úthlutað sóknargjöldum úr ríkissjóði. Hins vegar þarf að líta til þess að eðlilegt væri ef trúfélög myndi sjá um sína eigin fjársöfnun í stað þess að það sé gert á kostnað skattgreiðenda. Gætu trúfélög ráðið upphæð sinna eigin sóknargjalda í stað þess að slíkt sé ákveðið af hálfu ríkisins. Einnig gætu þau opnað fyrir frjáls fjárframlög. Sparast því sá kostnaður sem fallið hefur á ríkið við úthlutun þessara gjalda auk ýmissa annarra framlaga.

Innheimtukostnaður trúfélaga á sóknargjöldum er líklegur til að hækka við gildistöku. Í því samhengi má benda á að t.d. innan Bandaríkjanna er rík trúfélagaflóra sem rekin er án fjárgreiðslna frá stjórnvöldum þar og því engin ástæða til að ætla að sóknargjöld sé stoð sem sé nauðsynleg fyrir því að hægt sé að rækja trú. Því er ekki hægt að neita að trúfélög í landinu munu þurfa að venjast þessu breytta skipulagi á innheimtu gjalda en má jafnvel segja að meðlimir þeirra öðlast aukna tengingu við trúfélögin ef gjaldtakan er þeim sýnilegri.

Helsti kostnaðurinn sem gæti lent á ríkissjóði er breyting á hugbúnaði og gagnasöfnun sem geyma trúfélagsskráningar auk eyðingu þeirra gagna sem um ræðir. Á móti sparar ríkissjóður miklar fjárhæðir með því að þurfa ekki lengur að greiða fyrir að viðhalda þessum upplýsingum. Til lengri tíma liðið er um mikinn sparnað að ræða.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

1. gr.

Núverandi greinar í lögum um sóknargjöld o.fl. falla á brott. Þá er bætt við grein sem nefnir að ríkið eigi ekki að sjá um innheimtu sóknargjalda eða úthlutun þeirra. Ástæðan fyrir þeirri grein er að koma í veg fyrir mögulegan misskilning gagnvart 3. mgr. 64. gr. stjórnarskrárinnar. Lög um sóknargjöld kveða á um úthlutun sóknargjalda ef viðkomandi er utan trúfélaga en ef lögin væru brottfelld á heild sinni myndi þessi málsgrein stjórnarskrárinnar virkjast aftur eins og hún stendur og þá þyrfti að úthluta sóknargjöldum úr ríkissjóði fyrir hönd fólks utan trúfélaga en ekki annarra. Á þessi lagagrein að loka fyrir slíka túlkun.

2. gr.

Framlag til kirkjumálasjóðs er fjármagnað með álagi á sóknargjöld og hefur ekkert annað trúfélag en þjóðkirkjan aðgang að þeim sjóði. Rétt er að þjóðkirkjan beri sjálf kostnað af því að halda uppi kirkjuráði, prestastefnu, kirkjuþingi og öðru því sem tilheyrir starfi hennar. Þar sem sóknargjöld eru ekki lengur innheimt þykir ekki rétt að kveða á um álag á gjald sem verður ekki til.

Fé það sem er í kirkjumálasjóði skal fara til þjóðkirkjunnar eftir að búið er að greiða allar skuldir hans, ef einhverjar eru. Óeðlilegt væri ef fé sem úthlutað er skv. sóknargjöldum færi til ríkissjóðs og því réttara að það færi til þjóðkirkjunnar. Hún hefur því fram að næsta ári eftir gildistöku laganna til að koma upp með fjáröflunarleiðir til að mæta þessum tekjumissi gagnvart ríkissjóði.

3. gr.

Heimild hins opinbera til að leggja sóknargjöld fellur niður. Auk þess er fjarlægð heimild Þjóðskrár Íslands til að viðhalda skráum um trúfélagsaðild almennings. Er um að ræða viðkvæmar persónuupplýsingar og hefur ríkið ekki lengur tilefni til að geyma slík gögn.

4. gr.

Tilvísun um að skylda sé að viðkomandi einstaklingur þurfi að vera skráður í þjóðkirkjuna samkvæmt þjóðskrá er fjarlægð þar sem slík skráning sbr. 3. gr. verður felld niður. Að sama skapi eru fjarlægðar 2. og 3. mgr. 60. gr. laganna sem byggjast á því að greiða laun fleiri eða færri presta miðað við fjölgun eða fækkun meðlima samkvæmt skráningu í þjóðskrá.

Þar sem Kirkjuping, Kirkjuráð og Prestastefna hafa venjulega verið fjármögnuð af kirkjumálasjóði og um er að ræða atburði sem þjóðkirkjan heldur ein er rétt að hún sjái um fjármögnun þeirra.

5. gr.

Skilyrði um að falla undir skilyrði um greiðslu sóknargjalda fyrir forstöðumenn trúfélaga og meðlima þess eru felld niður.

Útfærsla vegna álagningu sóknargjalda er felld niður. Opinber gjöld eða úthlutun þeirra eru ekki lengur ákvörðuð af trúfélagsaðild.

6. gr.

Í þessari grein er Kristnisjóður lagður niður. Sbr. seinni efnisgrein í skýringu við 2. og 3. gr. frumvarpsins rennur féð til þjóðkirkjunnar. Af 21. gr. laganna má ráða að um er að ræða fjármagnsliði sem þjóðkirkjan ætti að standa sjálf kostnað af án aukaframlags frá ríkissjóði.

Þar sem lögin munu ekki fjalla lengur um Kristnisjóð er við hæfi að breyta heiti laganna.

7. gr.

Veittur er aðlögunarfrestur til 1. janúar næsta ár eftir samþykki laganna.

Ákvæði til bráðabirgða:

Rétt er að taka það fram sérstaklega að Þjóðskrá Íslands og Hagstofa Íslands skulu hefja ferli til að eyða þeim gögnum sem þau hafa safnað um trúfélagsskráningu einstaklinga. Hafi aðrar stofnanir skráar um trúfélagsaðild skulu þær einnig eyða þeim. Trúmál einstaklinga eru einkamál þeirra og hefur ríkið enga ástæðu lengur til að viðhalda slíkri skráningu.